



Reykjavík, 24. september 2024  
SFS23020061

Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

### Efni: Samningur við Kjósarhrepp um skóla- og frístundabjónustu

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 23. september 2024 var lagt fram minnisblað sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 18. september 2024, um samning Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps um bjónustu og greiðslur vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi ásamt drögum að samningi Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps.

Erindið var samþykkt og vísað til borgarráðs.  
Erindinu er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson  
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Meðfylgjandi:  
Minnisblað, dags. 18. september 2024  
Drög að samningi



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. september 2024

SFS23020061

## MINNISBLAÐ

### Samningur Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps um þjónustu og greiðslur vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýs samnings við Kjósarhrepp þar sem kveðið er á um þjónustu og greiðslur á milli Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla á vegum Reykjavíkurborgar í Klébergi. Samkvæmt samningnum njóta umrædd börn sömu réttinda og þjónustu og önnur börn í leik- og grunnskóla Klébergsskóla.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki nýjan samning og málinu vísað til borgarráðs.

Á fundi sveitarstjórnar Kjósarhrepps sem fram fór þann 4. september 2024 var samningurinn samþykktur.

Samningurinn skal staðfestur af ráðherra mennta- og barnamála að fenginni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála.

Ekki er viðbótarkostnaður af samningnum frá því sem verið hefur. Með þessum samningi er stefnt að því að greiðsluþátttaka Kjósarhrepps hækki og endurspegli hlutdeild í raun rekstrarkostnaði Klébergsskóla.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna skólavistar nemenda Kjósarhrepps í Klébergsskóla samkvæmt samningnum fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og hún er á hverjum tíma, auk 15% álags. Greiðslur eru miðaðar við 50-100 barna skóla í gjaldskránni, sem er aðeins lægri barnafjöldi en verið hefur í skólanum síðustu ár.

Nú eru um 8 börn í leikskólanum Bergi í Klébergi með lögheimili í Kjósarhreppi. Miðað við þær forsendur er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka Kjósarhrepps hækki um 2,2 milljón króna á ári vegna umræddra barna í leikskólanum.



Reykjavík



Nú eru um 12 nemendur í grunnskólanum Klébergsskóla með lögheimili í Kjósarhreppi. Miðað við þær forsendur er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka hækki um 11,3 milljón króna vegna nemenda í grunnskólanum.

Fjöldi barna í tónlistarskólanum í Klébergi hefur verið breytilegur, en ekki hefur verið formlegur samningur til staðar sem kveður á um greiðsluskyldu Kjósarhrepps vegna umræddra barna. Samkvæmt þessum samningi er miðað við að Kjósarhreppur greiði kostnað sem nemi meðalaraunkostnaði við nemenda að frádreginni greiðslu foreldra, eða u.þ.b. kr. 460.000 á ári á hvert barn í fullu tónlistarnámi.

Í samningnum er ekki kveðið á um greiðsluskyldu Kjósarhrepps vegna frístundaheimila eða félagsmiðstöðva. Litið er svo á að greiðslur Kjósarhrepps vegna skólavistar nemenda samkvæmt framangreindu fyrirkomulagi geti mætt þeim kostnaði auk mögulegs viðbótarkostnaðar vegna ókeypis skólamáltíða.



Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609 og Kjósarhreppur, kt. 690169-3129, gera með sér svofelldan

## **samning**

### **1.**

#### **Markmið samnings**

Markmið samnings þessa er að kveða á um þjónustu og greiðslur milli skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi sem eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

### **2.**

#### **Þjónusta og endurgjald**

##### **2.1. Grunnskóli**

Börnum, sem skylt er að sækja grunnskóla, sbr. 3. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, og hafa lögheimili í Kjósarhreppi er heimilt að sækja grunnskóla í 1. til 10. bekk Klébergsskóla á Kjalarnesi, að fenginni umsókn forsjáraðila. Um skólavist nemenda skv. samningi þessum fer skv. lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum og reglugerðum settum skv. þeim lögum.

Nemendur úr Kjósarhreppi njóta sömu réttinda og sömu þjónustu og aðrir nemendur Klébergsskóla.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna skólavistar nemenda Kjósarhrepps í Klébergsskóla skv. samningi þessum fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) auk 15% álags af framangreindri gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma. Miða skal við 50-100 barna skóla í gjaldskrá SÍS.

Kostnaður Kjósarhrepps samkvæmt þessari grein skal greiddur mánaðarlega.

Verði veruleg breyting á nemendafjölda skólans geta aðilar samnings farið fram á endurskoðun hans.

##### **2.2. Skólaþjónusta og stuðningur við nemendur í grunnskóla**

Klébergsskóli og Austurmiðstöð veita nemendum, sem undir samning þennan falla, sömu þjónustu og öðrum nemendum skólans vegna metinna sérþarfa, í samræmi við lög um grunnskóla, reglugerð um stuðning við nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010, ásamt síðari breytingum og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum nr. 444/2019.

Greiðslur Kjósarhrepps til Reykjavíkurborgar skulu vera í samræmi við þann stuðning sem veittur er samkvæmt mati fagskrifstofu grunnskóla skóla- og frístundasviðs á grundvelli reglna borgarinnar um úthlutun fjármagns til sértæks stuðnings.

Engu að síður skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur fyrir stuðning svo fljótt sem verða má eftir að mat á stuðningi samkvæmt því sem að framan greinir liggur fyrir.

Kostnaður Kjósarhrepps samkvæmt þessari grein skal greiddur mánaðarlega.

### **2.3. Þjónusta frístundaheimilis**

Öllum nemendum 1. – 4. bekkjar Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi, er heimilt að dvelja í frístundaheimili skólans, Kátakoti, að fenginni umsókn forsjáraðila þar um.

Um starfsemi frístundaheimilisins gilda reglur Reykjavíkurborgar um þjónustu frístundaheimila, þ.m.t. ákvæði um systkinaafslátt. Reglurnar geta breyst án fyrirvara en þær má sjá hér; <https://reykjavik.is/reglur-um-thjonustu-fristundaheimila>.

Um greiðslur foreldra vegna dvalar nemenda á frístundaheimilinu Kátakoti fer skv. gjaldskrá frístundaheimila Reykjavíkurborgar, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Börn sem þurfa á sértækum stuðningi að halda á frístundaheimili fá þá þjónustu að undangengnu mati fagaðila sem starfar hjá skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar.

Engu að síður skal samið sérstaklega um viðbótargreiðslur fyrir stuðning svo fljótt sem verða má eftir að mat á stuðningi samkvæmt því sem að framan greinir liggur fyrir.

Kostnaður Kjósarhrepps vegna sértæks stuðnings samkvæmt þessari grein skal greiddur mánaðarlega.

### **2.4. Þjónusta félagsmiðstöðvar**

Nemendur sem undir þennan samning falla, eiga sama rétt og aðrir nemendur skólans til þess að sækja þjónustu félagsmiðstöðvarinnar Flógyn.

Um starfsemi frístundaheimila Reykjavíkurborgar gilda reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkurborgar. Reglurnar geta breyst án fyrirvara en þær má sjá hér; <https://reykjavik.is/reglur-um-thjonustu-fristundaheimila>

### **2.5. Tónlistarnám**

Forsjáraðilar nemenda 1.-10. bekkjar Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi, eiga samkvæmt samningi þessum kost á að sækja um nám í Tónlistarskóla Kjalarness fyrir börn sín.

Ef umsókn er samþykkt greiðir Kjósarhreppur kostnað sem nemur meðalraunkostnaði við nemenda undangengið ár við Tónlistarskóla Kjalarness að frádreginni greiðslu forsjáraðila.

Skólastjóri skal senda Kjósarhreppi yfirlit yfir þátttöku í tónlistarnámi við upphaf skólaárs eða fyrir 1. október ár hvert.

Um greiðslur foreldra vegna tónlistarnáms nemenda í Tónlistarskólanum á Klébergi fer skv. gjaldskrá tónlistarskólans, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar og Klébergsskóla.

Kostnaður Kjósarhrepps samkvæmt þessari grein skal greiddur tvisvar á ári, þ.e. við lok vorannar og við lok haustannar.

### **2.6. Matarþjónusta**

Nemendur Klébergsskóla, sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi, eiga kost á að fá skólamáltíðir í skóla og síðdegishressingu á frístundaheimili til jafns við aðra nemendur, samkvæmt beiðni forsjáraðila þar um.

Um gjald fyrir skólamáltíðir fer skv. gildandi gjaldskrá Reykjavíkurborgar sem birt er á heimasíðu borgarinnar.

Um gjald fyrir síðdegishressingu í Kátakoti fer skv. gjaldskrá frístundaheimila Reykjavíkurborgar en síðdegishressing er greidd af foreldrum.

Kjósarhreppur greiðir Reykjavíkurborg þau framlög sem Kjósarhreppur fær frá ríkinu og ætlað er að mæta kostnaði vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða grunnskólabarna. Greiðslur Kjósarhrepps til borgarinnar skulu miðast við þau börn sem eru í Klébergsskóla. Greiðslur samkvæmt þessari grein skulu greiddar tvisvar á ári, þ.e. við lok vorannar og við lok haustannar, eða samkvæmt nánara samkomulagi aðila.

Greiðsluskylda Kjósarhrepps samkvæmt þessu ákvæði á ekki við ef viðmiðunarreglur og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem vitnað er til í gr. 2.1 samnings þessa, taka mið af kostnaði sveitarfélaga við skólamáltíðir nemenda, þannig að framlag frá ríki til sveitarfélaga vegna gjaldfrjálsra skólamáltíða, fylgi barni á milli sveitarfélaga.

## **2.7. Leikskóli**

Forsjáraðilum barna með lögheimili í Kjósarhreppi er heimilt að sækja um dvöl á leikskólanum Bergi, Kjalarnesi, fyrir börn sín með sama lögheimili.

Um umsóknir, innritun og gjaldtöku fer skv. gildandi reglum Reykjavíkurborgar um leikskólaþjónustu. Reglurnar geta breyst án fyrirvara en þær má sjá hér: <https://reykjavik.is/reglur-um-leikskolathjonustu>

Um starfsemi leikskólans fer skv. lögum um leikskóla, nr. 90/2008, með síðari breytingum.

Um greiðslur foreldra vegna leikskóla fer skv. gjaldskrá leikskóla Reykjavíkurborgar, sem birt er á heimasíðu Reykjavíkurborgar. Gjaldskráin getur breyst án fyrirvara.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna dvalar barna með lögheimili í Kjósarhreppi á leikskólanum Bergi fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga sem getur tekið breytingum.

Kostnaður Kjósarhrepps samkvæmt þessari grein skal greiddur mánaðarlega.

Til viðbótar verður innheimtur kostnaður umfram gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga tvisvar á ári, sem tekur mið af raunrekstrarkostnaði leikskólans.

Börn, sem dvelja á leikskólanum Bergi, njóta sömu réttinda og sömu þjónustu og önnur börn leikskólans.

Þrátt fyrir framangreint ber aðilum samnings þessa að ganga frá sérstöku samkomulagi um leikskólagöngu barns í sérhverju tilviki.

## **2.8 Skólaþjónusta og stuðningur við börn í leikskóla**

Leikskólinn Berg og Austurmiðstöð veita börnum, sem undir samning þennan falla, viðbótarþjónustu vegna metinna sérparfa, í samræmi við lög um leikskóla, nr. 90/2008, með síðari breytingum og reglugerð um skólaþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum, nr. 444/2019.

Samið skal sérstaklega um viðbótargreiðslur um leið og gengið er frá samkomulagi um leikskólagöngu nemandans en greiðslur skulu reiknaðar til samræmis við úthlutunarreglur Reykjavíkurborgar.

## **2.9 Skólaakstur**

Akstur nemenda úr Kjósarhreppi til og frá skóla fellur utan samnings þessa. Telji bæði sveitarfélögin að það sé hagkvæmt að nýta saman skólabíl, skal kostnaður skiptast hlutfallslega milli sveitarfélaga.

## **3.**

### **Ákvarðanir um rétt eða skyldu**

Við framkvæmd samnings þessa ber að fylgja ákvæðum laga um leikskóla, nr. 90/2008, laga um grunnskóla, nr. 91/2008, reglugerðum settum á grundvelli þeirra og viðeigandi aðalnámskrám.

Reykjavíkurborg / forstöðumaður skóla / frístundar tekur ákvarðanir í málum er varðar rétt eða skyldu einstaka barna eða foreldra og leiða af þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt samningi þessum.

Þegar tekin er stjórnvaldsákvörðun sem er kæránleg á grundvelli laga um leikskóla eða laga um grunnskóla ber að fylgja stjórnarsýslulögum nr. 37/1993.

## **4.**

### **Samráð**

Reykjavíkurborg ber að eiga samráð við Kjósarhrepp vegna breytinga sem snúa að Klébergsskóla sem áhrif kunna að hafa á nemendur úr Kjósarhreppi.

## **5.**

### **Reikningar**

Kjósarhreppur skal greiða skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar kostnað skv. samningi þessum og verða greiðslukjör í samræmi við greiðsluskilmála Reykjavíkurborgar.

Ef samningi er sagt upp skal fjárhagslegt uppgjör taka mið af samningi þessum og skal Kjósarhreppur greiða Reykjavíkurborg umsamdar greiðslur vegna nemenda og barna í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi.

## **6.**

### **Gildistími**

Samningur þessi tekur gildir frá 1. ágúst 2024 og er ótímabundinn. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila. Uppsögn skal vera skrifleg og tekur gildi við lok skólaárs, 30. júní, árið eftir að hún er sannanlega tilkynnt.

## **7.**

### **Vanefndir**

Verði um verulegar vanefndir að ræða á skyldum skv. samningi þessum af hálfu annars hvors samningsaðila er gagnaðila heimilt að rifta samningnum, án frekari fyrirvara eða aðvarana.

Áður en til slíkrar riftunar kemur skal samningsaðili þó hafa skorað á gagnaðila að bæta úr vanefndinni innan hæfilegs frests, sem skal að öllu jöfnu ekki vera lengri en 14 dagar.

**8.**

**Önnur ákvæði**

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Aðrir samningar sem gerðir hafa verið um skólabjónustu milli Kjósarhrepps og Reykjavíkurborgar skulu falla úr gildi við undirritun þessa samnings.

Öllu framangreindu til staðfestingar rita fyrirvarsmenn aðila nöfn sín hér undir í viðurvist þar til kvaddra vitundarvotta

**9.**

**Undirritun**

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um staðfestingu ráðherra mennta- og barnamála að fenginni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála.

Reykjavík,

2024

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar

\_\_\_\_\_  
F.h. Kjósarhrepps

\_\_\_\_\_  
Vottar að rétttri dagsetningu, undirritunum  
og yfirlýsingu aðila um fjárræði sitt:

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_